

Fimmtudaginn 25. október 1990.

Nr. 71/1988.

**Emma Hólm**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

**Róbert Árna Hreiðarssyni**

(Guðný Höskuldsdóttir hrl.).

Tékkamál. Fölsun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1988. Krefst hún sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lagt fram bréf rannsóknarlögreglu ríkisins 18. mars 1988 og meðfylgjandi rannsóknargögn lögreglunnar vegna fölsunarkæru áfrýjanda, sem um getur í héraðsdómi. Einnig hefur hún lagt fram álitserð Mariu Bergmann skriftarfræðings frá 18. október 1989 um samanburð á sýnum af rithönd áfrýjanda og nafnritun á hinum umstefnda tékka ásamt skriftarsýnum þeim, er notuð voru til samanburðarins.

Álitserð þessi hefur ekki verið staðfest fyrir dómi. Stefndi hefur ekki mótmælt henni á þeim grundvelli, en telur hana ranga og villhalla og jafnframt þýðingarlausu af þeim sökum, að samanburðarsýni séu of fá og ekki valin af hliðstæðum skjölum.

Í héraði lét áfrýjandi þingsókn falla niður án þess að hafa kannað þá meðferð, sem kæra hennar hafði fengið, áður en lögreglurannsókn var hætt, en rannsóknarlögreglan hafði ekki talið ástæðu til að leita aðstoðar skriftarfræðings, eins og málið horfði þar við.

Í álitserð skriftarfræðingsins er bent á sex einkenni á nafnritun áfrýjanda á fyrrgreindum skriftarsýnum, sem hún telur frábrugðin rithöndinni á nafni áfrýjanda sem framseljanda á hinum umstefnda tékka. Telur hún sýnt, að hin síðarnefnda sé hönd annars aðila. Að virtu þessu áliti og þeim sýnum af rithönd áfrýjanda, sem lögð eru fram í málinu, þykir rökstudd ástæða til að ætla, að nafnritun áfrýjanda á tékkanum kunni að vera fölsuð. Þau rök, sem stefndi

hefur fært fram í gagnstæða átt, nægja ekki til að hnekkja þessum grun. Verður stefndi að bera hallann af sönnunarskorti í þessu efni samkvæmt ákvæðum 155. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Með vísan til þessa og til ákvæða c-liðar 1. mgr. 208. gr. sömu laga ber að fallast á kröfu áfrýjanda um sýknu í máli þessu.

Rétt er, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Emma Hólm, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Róberts Árna Hreiðarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur bæjarþings Seltjarnarness 20. janúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Egilsson lögfræðingur f.h. Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., nnr. 7355-1773, Túngötu 5, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 23. janúar 1986, á hendur Emmu Hólm, nnr. 2130-8382, Nesbala 104, Seltjarnarnesi, til innheimtu neðangreindrar skuldakröfu, vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða kr. 55.000 auk 3,75% mánaðarvaxta af stefnufjárhæð frá 20.10. 1985 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og aukatekjulögum skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefnandi kveður skuldina vera samkvæmt innstæðulausri ávísun, útgefni af Halldóri Óskarssyni, nnr. 3595-6867, til stefndu hinn 20.10. 1985, á ávisanareikning Halldórs, nr. 9161 við Iðnaðarbanka Íslands hf., Reykjavík. Númer tékkans sé 1860078. Tékkinn sé að fjárhæð kr. 55.000, sem sé stefnufjárhæð. Hann hafi verið sýndur í banka 22.10. 1985, en innstæða þá eigi reynst vera næg. Tékkinn hafi og verið framseldur af stefndu. Ekki sé í máli þessu gerð krafa á hendur útgefanda tékkans, sem nú sé látinn, en réttur áskilinn til þess að lýsa kröfu þessari í dánarbú hans, þegar það verður tekið til skipta.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á reglum tékkalaga nr. 94/1933, og rekur hann málið skv. 17. kafla laga nr. 85/1936.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál, en því var víkið til venjulegrar meðferðar, er sótt var þing af stefndu hálfu við þingfestingu málsins 14. janúar 1986. Þann 11. febrúar 1986 var sótt þing af hálfu stefndu og lögð

fram greinargerð. Í greinargerð stefndu er þess krafist, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni til dæmdur málskostnaður. Af hálfu stefndu er vakin athygli á því, að á bakhlið tékkans sé skráð nafnið M. Hólm, en það sé eigi nafnritun stefndu. Útgefandi tékkans sé nú látinn, hann hafi verið eiginmaður stefndu. Nú sé því ekki ljóst, hver hafi falsað nafn stefndu á ávísunina, en stefnda hafi nú kært málið til rannsóknarlög-reglu ríkisins, og sé það nú hjá RLR til rannsókna.

Málsástæður og lagarök stefndu eru þau, að hún hafi ekki ritað nafn sitt á tékkann, sem málið fjallar um, og geti því ekki talist aðili málsins. Hún beri því enga ábyrgð á greiðslu tékkans, þótt hann sé stílaður á hennar nafn, enda sé það skilyrði skv. 18. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, að maður riti framsal á hann til að öðlast ábyrgð.

Eftir að greinargerð var lögð fram af hálfu stefndu, var málinu frestað ótiltekið til frekari gagnaöflunar og sáttaumleitana, og var beðið niðurstöðu rannsóknar RLR vegna fölsunarkærunnar. Með bréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 6. janúar sl., var dóminum kynnt niðurstaða þeirrar rannsóknar, og segir þar eftirfarandi:

„Með rannsókn þeirri sem fram hefur farið hefur ekki tekist að sanna að um fals hafi verið að ræða, og tilkynnist yður hér með að rannsókn verður ekki fram haldið.“

Í ljósi þessarar niðurstöðu boðaði dómari til þinghalds í dag með ábyrgðarbréfi til lögmanna málsaðila, dags. 11. janúar sl. Í þinghaldinu í dag var eigi sótt þing af stefndu hálfu og málið því dómtekið af hálfu stefnanda (sic).

Skv. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85, 1936, verður því að dæma mál þetta eftir framkomnum kröfum og skilríkjum stefnanda og með tilliti til þess, sem komið hefur fram af hálfu stefndu, og með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi ætlaða fölsun umrædds tékka. Þar sem sú staðhæfing stefndu, að umræddur tékki sé falsaður, að því er framsal hennar varðar, þykir ósönnuð með vísan til bréfs RLR, dómskjal 5, og þar sem dómkröfur stefnanda eru í samræmi við framlögð skjöl og skilríki hans, verða dómkröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, er vexti áhrærir, en þeir ákvarðast þannig af stefnufjárhæð: Frá 20.10 1985 til 1.3. 1986 3,75% mánaðarlegir dráttarvextir, frá þeim degi til 1.4. 1986 2,75% mánaðarlegir dráttarvextir, frá þeim degi til 1.4.1987 2,25% mánaðarlegir dráttarvextir og frá þeim degi til 1.5. 1987 2,5% mánaðarlegir dráttarvextir, en frá þeim degi til greiðsludags ársvextir skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987.

Málskostnaður ákvarðast kr. 12.251, þar með talinn söluskattur kr. 1.156.

Finnbogi H. Aðalsteinsson kvað upp dóm þennan.

## D ó m s o r ð:

Stefnda, Emma Hólm, greiði stefnanda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., kr. 55.000 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 20.10. 1985 til 1.3. 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.5. 1987, en frá þeim degi til greiðsludags með ársvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, og kr. 12.251 í málskostnað, þar með talinn söluskattur, kr. 1.156.

---